

# Vegir illa farnir eftir rigningu

Vegir á Suður- og Suðvesturlandi eru nú illa á sig komnir eftir rigningarnar í vikunni en annars staðar eru vegir viðast í þokkalegu ástandi. Fjallvegir eru allir færir stórum bílum og jeppum nema Steingrímsfjarðarheiði og Fjallabaksleið syðri.

Þótt mikið hafi rignt á Suðurlandi er vegagerðinni ekki kunnugt um vega-

skemmdir nema á tveimur stöðum. Annars vegar á Borgarfjarðarbraut í Svinadal og hins vegar á Akrafellsleið sunnan undir Akrafjalli. Vegir á þessu svæði eru mjög blautir og holóttir eftir rigningarnar.

Þá er hætt við að ár á hálendinu séu vatnsmiklar en vegagerðinni var í gær ekki kunnugt um að vegir hefðu

neins staðar rofnað.

Eftir helgi verður Steingrímsfjarðarheiði opnuð en nú er unnið að því að koma veginum yfir heiðina í skikkant stand. Ófært er um Mællifellssand á Fjallabaksleið syðri og er ekki vitað hvenær sú leið verður orðin fær.


-SA.

## Stærsta járnsmíðavél hér á landi

Vélsmíðjan Héðinn hefur tekið í notkun stærstu járnsmíðavél hérlendis. Þetta er svonefndur hringekju (karussell) rennibekkur þar sem hægt er að vinna hvers konar vélahluta, allt að 4,2 metra í þvermál og upp í 36 tonna þyngd. Sjálf vélin vegur um 100 tonn og gengur fyrir 75 hestafla rafmótor.

Tilkoma þessarar vélar hefur í för með sér gjörbreytingu á öllum viðgerðum stærri hluta, svo sem viðhaldi á túrbínuhjólum fyrir vatnsaflsvirkjanir sem til þessa hefur þurft að senda úr landi. Vélina hefur verið í stöðugri notkun allan sólarhringinn frá því að hún var gangsett í byrjun júní sl.

DV-mynd: Bjarnleifur.



## Við veitum nýja þjónustu landsþjónustu



Heimkeyrsla að kostnaðarlausu alla leið í Borgarnes og nágrenni og austur á Hvalsöllum og nágrenni.


Sendum samdægurs á öll Suðurnesin:

Fyrir aðra landsmenn þökkum við inn og sendum á vöruflutninga miðstöðvar í Reykjavík, og að sjálfsögðu að kostnaðarlausu.

### ÞÚ KEMUR EÐA HRINGIR -VIÐ SENDUM



Hornsófi-Leður



Sófasett



Sýnishorn af okkar glæsilega úrvali:

BARNAHERBERGIÐ OG UNGLINGAHERBERGIÐ

ATH. húsgögn á þremur hæðum



Íslensk framleiðsla: Royal

KOMDU, HRINGDU OG ÞÚ SEMUR

# NÝFORM

Opið alla laugardaga frá kl. 9-17

Reykjavíkurvegi 66 Hafnarfirði  
Sími 54100  
Landsþjónustan



## TILBOÐ

Tilboð óskast í neðanskráðar bifreiðar í núverandi ástandi skemmdar eftir umferðaróhöpp:

	árg.
Fiat 127	1974
Fiat 127	1980
Ford Escort	1974
Ford Escort sendif.	1972
Sunbeam 1600	1975
Simca 1100	1980
Toyota MK II	1972
BMW 2002	1972
Austin 1275 GT	1974
Peugeot 305 st.	1978
Peugeot 505 Turbo dísil	1982
Citroën DS Pallas	1974
Datsun 220C dísil	1979
Austin Allegro	1977
Lada 1500	1977
Renault Estate sendif.	1979
Subaru	1978
Suzuki sendif.	1981
Lada 1200	1979

Bifreiðarnar verða til sýnis mánudaginn 26. júlí 1982 í Skaftahlíð 24, (kjallara) frá kl. 9-12 og 13-16.

Tilboðum óskast skilað fyrir kl. 17.00 sama dag til bifreiðadeildar Tryggingar hf., Laugavegi 178, Reykjavík.

TRYGGING HF.

## Auglýsing

Í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er gert ráð fyrir útvegum fjármagns til lánveitinga til fyrirtækja sem þurfa að bæta aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað.

Samkomulag hefir verið gert milli Framkvæmdastofnunar ríkisins og félagsmálaráðuneytisins um að lán þessi verði veitt úr Bygðasjóði af sérstöku fé sem aflað verður í þessu skyni.

Umsóknir um lán þessi skulu því sendar Bygðasjóði, Rauðarárstig 25 Reykjavík á umsóknareyðublöðum Bygðasjóðs þar sem sérstaklega sé tekið fram að um sé að ræða lán vegna bættis aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis á vinnustað.

Framkvæmdastofnun ríkisins.

# Cavalet

TÖSKU OG HANZKABUÐIN HF.

SKÓLAVÖRDUSTIG 7. S.15814 REYKJAVÍK.